



Lögreglustjórnin á Suðurnesjum  
Brekustíg 39  
260 Reykjanesbæ

Selfossi, 25. júní 2024

Efni: Kæra vegna hatursorðræðu í garð hinsegin fólks.

### I. Inngangur

Til mín hefur leitað [REDACTED] fyrir hönd Samtakanna '78 – félags hinsegin fólks á Íslandi, [REDACTED] Suðurgötu 3, 101 Reykjavík (eftirleiðis kærandi) og falið undirritaðri að kæra háttsemi Elds Smára Kristinssonar Ísidórs, [REDACTED] (eftirleiðis kærði) sem kærandi telur refsineama samkvæmt íslenskum lögum, meðal annars með vísan til þeirra röksemda sem hér fara á eftir.

### II. Efni kæru

Kærð er sú háttsemi kærða, sem fólgin er í ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífs, með því að hafa breitt út ummæli og ráðist opinberlega með háði, rógi og smánun á hóp ónafngreindra manna vegna kyneinkenna og eða kynvitundar þeirra, með eftirfarandi ummælum, sem birtust á vefnum á nánar tilgreindum dagsetningum:

1. **19. nóvember 2022:** „Það er okkar upplýsta skoðun að hér átti að greiða götur kynjafraeðinga og trans öfgasinna til að gera ólögráða börn að lyfjaprælum fyrir lífstíð.“ (fskj. 2).<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Athugasemd kærða birtist í aðsendu efni á fréttamiðlinum [www.mbl.is](http://www.mbl.is) undir heitinu „Öfgafull viðbrögð á Alþingi“ frá dags. 19. nóvember 2022.

2. **1. júní 2023:** „It’s this month again folks. Now every big corporation will alter their logos to appease all the little führers in the cult of validation and we will hear nothing else than trans, trans, trans, translesbians, girl dick this and that and all in the name diversity and compassion. They love the Berlin 1939 style decor don’t they? (Image is from Regents Street in London 2022)“ (fskj. 3).<sup>2</sup>
3. **29. ágúst 2023:** „I mean, that rag! Using infants to satisfy an obvious paraphilic sexual fetish in men called P-e-d-o-p-h-i-i-a!“ (fskj. 4).<sup>3</sup>
4. **2. apríl 2024:** „Þessi „löngun“ er kynferðislegt blæti sem kallast "autogynephilia" á ensku, en ég hef sjálfur íslenskað hugtakið í „kvensjálfsmyndunarblæti“. Þegar karlmenn eru farnir að nota UNGABÖRN til þess að sinna kynferðislegum pervertskap sínum, þá erum við kominn í algjöra botnleðju. Hversu djúp er hún og hversu meðvirkt er samfélagið til í að vera!?“ (fskj. 5).<sup>4</sup>
5. **3. apríl 2024:** „Alþingi heldur að karlmenn geti fætt börn. Þessi lög eru í bága við bæði barnasáttmála SP og í bága við úrskurð Mannréttindadómstóls Evrópu er varðar rétt barns til þess að þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Manneskjur sem fæða börn kallast konur. Konur sem fæða börn eru alltaf líffræðilegar mæður barna sinna. Alveg óháð hvað vanstillt Alþingi segir.“ (fskj. 6).
6. **9. apríl 2024:** „Af hverju eru Samtökin '78 að grooma 10 ára krakka í 5.bekk? Hversu lengi ætlar fólk að vera meðvirkt?“ (fskj. 7).<sup>5</sup>
7. **8. maí 2024:** „Sumir láta sér ekki nægja að koma fram fyrir þjóð sína, heldur veifa fána satanísks sertrúarsafnaðar sem vill helst gelda eins mörg börn og mögulegt er. #FreakShow #Eurovision2024 #12stig“ (fskj. 8).<sup>6</sup>

Kærandi telur að brot kærða varði við 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

---

<sup>2</sup> Athugasemd kærða birtist á eldri og eyddri síðu hans á samfélagsmiðlinum „Facebook“.

<sup>3</sup> Athugasemd kærða birtist á síðu hans á samfélagsmiðlinum „X“ áður „Twitter“ með fréttinni „Yes, trans women can breastfeed too. Here’s why it’s safe, healthy and good for both mum and baby“ af fréttamiðlinum [www.pinknews.com](http://www.pinknews.com) frá dags. 29. ágúst 2023.

<sup>4</sup> Athugasemd kærða birtist á síðu hans á samfélagsmiðlinum „Facebook“ með fréttinni „50 ára transkona á hormónum með „barn á brjósti“ af fréttamiðlinum [www.frettin.is](http://www.frettin.is) frá dags. 2. apríl 2024.

<sup>5</sup> Athugasemd kærða birtist á síðu hans á samfélagsmiðlinum „Facebook“ með skjáskoti af tilkynningu er bar heitið „HHH – Hinsegin hittingur í Hafnarfirði“.

<sup>6</sup> Athugasemd kærða birtist á síðu hans á samfélagsmiðlinum „Facebook“ með skjáskoti af keppendum í Eurovision 2024 sem halda annars vegar á almennum hinsegin fána og hins vegar trans fána.

Kærandi krefst þess að kærða verði refsað lögum samkvæmt.

### **III. Málavextir**

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil réttarbót fyrir hinsegin fólk, sér í lagi trans og intersex með tilliti til lögfestingar laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Á sama tíma hefur orðið bakslag og hatursorðræða aukist verulega (fskj. 9). Var m.a. settur á fót starfshópur gegn hatursorðræðu hinn 16. júní 2022 vegna vísbendinga um vaxandi hatursorðræðu í íslensku samfélagi (fskj. 10).

Miklar og skiptar skoðanir hafa átt sér stað í samfélaginu í kjölfar lögfestingar áðurnefndra laga, nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Í því samhengi hafa einstaklingar sem og ákveðnir fréttamiðlar talað markvisst gegn réttindum trans fólks, einkum trans kvenna (fskj. 11 – 12). Kærði er þar á meðal og hefur hann verið virkur síðustu ár að tala gegn réttindum trans fólks.

Kærði hefur gegnt og virðist enn gegna stöðu sem formaður svokallaðra Samtaka 22 – Hagsmunasamtaka samkynhneigðra. Áður störfuðu þau undir heitingu *LGB Teymið* (fskj. 13). sem var sett á fót í september 2020. Samtökin 22 eru systursamtök *LGB Alliance*, samtaka í Bretlandi sem voru stofnuð árið 2019 (fskj. 14). *LGB Alliance* hafa verið sökuð um að vinna markvisst gegn réttindum trans fólks og virðast Samtökin 22 vera á sömu slóðum (fskj. 15). Samtökin 22 hafa ítrekað birt efni sem grefur undan réttindum trans fólks og þeirri háttsemi virðist hvergi nærri lokið.

Kærandi hefur lengi verið í brennidepli samfélagslegrar umræðu m.a. vegna fræðslu í skólum. Sú fræðsla hefur verið umdeild innan samfélagsins, sjá t.d. Hæstaréttardóma nr. 354/2017, 415/2017 og 577/2017 frá 14. desember 2017. Á síðustu misserum hefur sú umræða verið vakin á ný og ýmis atvik átt sér stað í kjölfarið. Eins konar upplýsingaóreiða virðist hafa átt sér haustið 2023 stað þar sem kynfræðslu í grunnskólum og fræðslu kæranda er blandað saman og eldfimar umræður skapast í kjölfarið (fskj. 16 – 21).

Hatursorðræðunni er hvergi nærri lokið. Orðræðan þrífst og dafnar á meðan aðilar á borð við kærða taka afskiptalaust þátt í henni á vefmiðlum og í athugasemdum vefmiðla. Þá eru vissir fjölmiðlar sem upphefja þátttakendur í hatursorðræðunni og taka þannig virkan þátt í að halda henni og upplýsingaóreiðunni við meðal annars kærði, sjá fskj. 22.

### **IV. Málsástæður**

Á meðal markmiða kæranda, sem félagssamtaka hinsegin fólks hér á landi, er að tryggja að hinsegin fólk njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Kærandi leitast við að ná því markmiði með því að vinna að baráttumálum hinsegin fólks, eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni. Kæra þessi er lögð fram í því tilliti og með henni vill kærandi stuðla að því

að kærði, sem hefur tekið virkan þátt í refsiverðum hatursáróðri gegn hinsegin fólki vegna kyneinkenna og eða kynvitundar þeirra, verði ákærður og dæmdur til refsingar fyrir þá háttsemi sína lögum samkvæmt.

Kærandi vísar kærinni til stuðnings til þess að afdráttarlaust bann er lagt við ákveðinni tjáningu sem lýst er sem refsiverðri í 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir „hgl.“). Í ákvæðinu segir nánar tiltekið:

„Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

Af orðalagi ákvæðisins og Hæstaréttardómum, nr. 415/2017 og 577/2017 frá 14. desember 2017 er ljóst að gerð eru skilyrði um (i) *lágmarks alvarleika* tjáningar, sem fer fram (ii) á *opinberum vettvangi* og hefur það (iii) að *markmiði* að *hæða, rægja, smána eða ógna* manni eða hópi manna, m.a. vegna (iv) *kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar*. Við mat á refsináemi ummæla hverju sinni verður að horfa til allra fyrrgreindra þátta og þess samhengis sem hlutaðeigandi ummæli eru fram sett.

Í Hæstaréttardómum nr. 415/2017 og 577/2017 frá 14. desember 2017 er tekið fram að litið er á hugtakið *hatursorðræða* sem samnefnara „[...] fyrir þá hæðni, rógburð, smánun eða ógnun, sem refsivert er að tjá eftir [233. gr. a. hgl.], og þá um leið sem mælikvarða á þann grófleika tjáningarinnar, sem áskilinn er. Af því leiðir að tjáningin verður að fela í sér slíka **óbeit, andúð, fyrirlitningu eða fordæmingu** að telja megí hana til hatursorðræðu í garð þess, sem henni er beint að. Þetta inntak ákvæðisins verður að teljast bæði skýrt og fyrirsjáanlegt öllum almenningi.“

Hin kærðu ummæli þykja að mati kæranda fela í sér háð, róg og smánun í garð hinsegin fólks vegna kyneinkenna og eða kynvitundar þeirra. Jafnframt slíka óbeit, andúð, fyrirlitningu og fordæmingu að þau verði að teljast hatursorðræða í skilningi 233. gr. a. hgl. Þau eru sett fram meðvitað og ítrekað af hálfu kærða á opinberum vettvangi í formi alhæfinga án málefnalegs rökstuðnings.

Jafnræði fólks án tillits til kyneinkenna og eða kynvitundar er lögfest grundvallarregla sem byggist á virðingunni fyrir mennskunni. Þótt tjáningarfrelsið sé jafnframt eitt af mikilvægustu réttindum manna og grundvallarstoðum lýðræðisins, er orðnotkun sem lýsir hatri eða fordómum á hinsegin fólki á opinberum vettvangi ekki refsílaus að mati kæranda.

Kærandi gerir sér grein fyrir því að kærði á rétt til skoðana sinna og að láta þær í ljós, sbr. 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944 (hér eftir stjórnarskrá) og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Kærandi telur á hinn bóginn augljóst að tjáningarfrelsi megi ekki hagnýta til þess að níðast á öðrum réttindum manna og að löggjöf gegn misrétti vegna kyneinkenna eða kynvitundar sé nauðsynleg í lýðræðisríki til að vernda minnihlutahópa. Andspænis tjáningarfrelsi kærða standi því réttur hinsegin fólks til að þurfa ekki að þola árásir vegna kyneinkenna og eða kynvitundar sinnar. Sá réttur er varinn berum orðum af 233. gr. a. hgl. með síðari breytingum, jafnræðisreglu 65. gr. og 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt staðfestur í Hæstaréttardómum, nr. 415/2017 og 577/2017 frá 14. desember 2017. Sem og 17. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem kemur fram að ekkert ákvæði í MSE eigi að túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

Kærandi bendir á að hin afdráttarlausu takmörkun á tjáningarfrelsinu sem fólgin er í 233. gr. a. hgl. sé lögbundin regla sem falli undir svigrúm undantekningarreglu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár. Þar kemur fram að heimilt sé að setja tjáningarfrelsi skorður *með lögum* vegna réttinda eða mannorðs manna eða annarra enda teljist þær *nauðsynlegar* og *samrýmist lýðræðishefðum*.

Ákvæði 233. gr. a. hgl. er meðal annars ætlað að sporna við hatursorðræðu almennt og að henni sé breitt út í garð hinsegin fólks. Jafnframt búa ríkir einstaklings- og *almannahagsmunir* að baki reglunni. Kærandi telur að þeir hagsmunir standi því í vegi að ummæli kærða geti fallið undir tjáningarfrelsi hans. Ummæli kærða hafi verið alvarleg, gróflega meiðandi og fordómafull og geti ekki talist bæta neinu málefnalegu við samfélagslega umræðu. Skoðanir kærða brjóta á réttindum þeirra *einstaklinga* sem tilheyra hópi hinsegin fólks hér á landi og þar með á friðhelgi einkalífs þeirra, sem nýtur verndar 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. *Almannahagsmunir* sem refsíákvæðinu er ætlað að vernda séu á hinn bóginn fólgnir í því að ríkarí nauðsyn sé í lýðræðisþjóðfélagi að sporna við hatursorðræðu þeirri sem kærði hefur tekið beinan þátt í á opinberum vettvangi, en hagsmunir kærða af því að njóta tjáningarfrelsis án takmarkana á þessu sviði.

Háttsemi kærða, sem lýst er í II. kafla kærunnar (sjá einnig fskj. 2 – 8), falla því að mati kæranda vel að öllum þeim skilyrðum 233. gr. a. hgl. sem hér að ofan eru talin.

Með framangreinda hagsmuni í huga vísar kærandi til þess að háttsemi kærða og umræðan sem hún fellur undir í heild sinni sé til þess fallin að grafa undan samstöðu í íslensku samfélagi,

hún sé jafnframt andstæð grundvallarreglum um jafnræði einstaklinga og hvetji jafnvel til ofsókna í þjóðfélaginu. Kærandi telur því að tjáning kærða njóti ekki verndar stjórnarskrárbundins tjáningarfrelsis hans, sem hér að framan er lýst, sem leiði af sömu ástæðu ekki til þess að leysa hann undan refsíabyrgð samkvæmt 233. gr. a. hgl.<sup>7</sup>

Með vísan til alls þess sem hér að framan greinir er mælt til þess að lögreglan á Suðurnesjum hefji án undandráttar rannsókn á háttseminni sem kæra þessi varðar. Kærandi byggir á því að stjórnvöld hafi jákvæðar skyldur til að berjast gegn og afnema misrétti í hverri mynd sem það birtist og grípa til raunhæfra aðgerða til að ná því markmiði. Kærandi bendir á að brot gegn 233. gr. a. hgl. sæti ákæru án kröfu þess sem misgert er við, sbr. 242. gr. laganna.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga eða gagna gerist þörf.

Virðingarfyllst,



Kristrún Elsa Harðardóttir lögmaður

#### Fylgiskjöl

1. Kæra þessi.
2. Færsla undir „Aðsent efni“ af fréttamiðlinum „www.mbl.is“ sem ber heitið: „Öfgafull viðbrögð á Alþingi“ frá 19. nóvember 2023.
3. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 1. júní 2023.
4. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „X“ frá dags. 29. ágúst 2023 með fréttinni „Yes, Women can breastfeed too. Here’s why it’s safe, healthy and good for both mum and baby“ af fréttarmiðlinum „www.pinknews.com“ ódags.
5. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 2. apríl 2024 með fréttinni: „50 ára transkona á hormónum með „barn á brjósti“ af fréttamiðlinum „www.frettin.is“ frá dags. 2. apríl 2024.

---

<sup>7</sup> Við mat á því hvort refsing fyrir að breiða út hatursáróður í garð hinsegin fólks sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og heimil takmörkun á tjáningarfrelsi má líta til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 1813/07, *Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð*, frá 9. febrúar 2012 og Hæstaréttardóma nr. 415/2017 og 577/2017 frá 14. desember 2017.

6. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 3. apríl 2024.
7. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 9. apríl 2024.
8. Skjáskot af færslu kærða á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 8. maí 2024.
9. Ársskýrsla ILGA frá árinu 2023.
10. Tilkynning af vefsíðu Stjórnarráðsins sem ber heitið: „Starfshópur gegn hatursorðræðu tekur til starfa“ frá dags. 30. júní 2022.
11. Frétt af fréttamiðlinum „www.frettin.is“ sem ber heitið: „Karlmaður var í kvennaklefa Dalslaugar – ekki hægt að banna það segir starfsfólk“ frá dags. 19. febrúar 2023.
12. Frétt af fréttamiðlinum „www.frettin.is“ sem ber heitið: „Reglur um trans fólk og kynjaskipta klefa samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar“ frá dags. 24. febrúar 2023.
13. Tilkynning af vefmiðlinum „www.samtokin22.is“ sem ber heitið: „Árásirnar hófust strax“ frá dags. 17. mars 2023.
14. Frétt af fréttamiðlinum „www.frettin.is“ sem ber heitið: „Systursamtök Samtakanna 22 unnu mikilvægt mál fyrir dómstólum í Bretlandi“ frá dags. 6. júlí 2023.
15. Frétt af fréttamiðlinum „www.heimildin.is“ sem ber heitið: „Gagnrýna tilraun til stofnunar transfóbískra samtaka á Íslandi“ frá dags. 21. september 2020.
16. Frétt af fréttamiðlinum „www.visir.is“ sem ber heitið: „Kemur mér á óvart hvernig fólk velur að mistúlka hlutina“ frá dags. 13. september 2023.
17. Skoðun af fréttamiðlinum www.visir.is sem ber heitið: „Krossgötur“ e. Eld Ísidór frá dags. 18. september 2023.
18. Frétt af fréttamiðlinum „www.heimildin.is“ sem ber heitið: „Reykjavíkurborg tilkynnir Samtökin 22 til lögreglu“ frá dags. 8. september 2023.
19. Frétt af vefsíðu Stjórnarráðsins sem ber heitið: „Vegna umræðu um hinsegin- og kynfræðslu“ frá dags. 14. september 2023.
20. Frétt af fréttamiðlinum www.visir.is sem ber heitið: „Samtökin '78 hafi ekkert að gera með kynfræðslu“ frá dags. 11. september 2023.
21. Skjáskot af formlegri síðu forsætisráðherra á samfélagsmiðlinum „Facebook“ frá dags. 12. september 2023.
22. Frétt af fréttamiðlinum „www.frettin.is“ sem ber heitið: „Telur transferli barna vera bælingarmeðferð á samkynhneigð“ frá dags. 10. júní 2023.